

Gasmengun við eldstöðvar

Hvað ber að varast?

CO₂

 Vatnsgufa **H₂O**

Ósýnileg gastegund sem safnast fyrir í lægðum. Hár styrkur getur valdið öndunarörðugleikum, höfuðverk, yfirlíði og í verstu tilvikum, dauða. Gasgrímur gagnast **ekki** við CO₂ mengun.

SO₂

SO₂ ertir slímhúð og myndar brennisteinssýru. Við finnum þá lykt og fyrir óþægindum í nefi, munn og hálsi.

SO₂

Styrkur SO₂ mengunar mælist í míkrógrömm á rúmmetra.






Heilsuverndarmörk SO₂
= 350 míkrógrömm á rúmmetra
styrkur í 10-15 mínútur.



Hollráð

- Vertu ávallt vindmegin við bæði gíga og hraun – aldrei hlémegin
- Forðastu lægðir í landslaginu – stattu hærra
- Andaðu rólega í gegnum nefið
- Forðastu áreynslu
- Vertu í hópi þar sem einhver er með gasmæli
- Athugaðu að gasmengun kemur líka frá hrauninu sjálfu, ekki bara gígnum
- Athugaðu að börn eru útsettari fyrir mengun
- Fylgdu leiðbeiningum björgunarsveitarfólks, almannavarna og lögreglu á svæðinu
- Fylgstu með veðurspánni á **vedur.is**

Skammtímaáhrif brennisteinsdíoxíð SO₂ mengunar

Styrkur (ppm)	µg/m ³	Lýsing á loftgæðum	Heilsufarsáhrif	Viðbrögð
0-0,1	0-350	Góð	Viðkvæmir geta fundið fyrir ertingu	
0,1-0,2	350-600	Sæmileg	Ertung hjá heilbrigðum, óþægindi hjá viðkvæmum	Takmarkið dvöl 
0,2-1,0	600-2600	Óholl fyrir viðkvæma	Hósti og ertung í augum, nefi og koki	Takmarkið dvöl, notið gasgrímur  
1,0-3,0	2600-9000	Óholl	Hósti, höfuðverkur og ertung í augum, nefi og koki	Nota gasgrímu! 
3,0-5,0	9000-14000	Mjög óholl	Miðlungs og alvarleg einkenni hjá öllum	Nota gasgrímu! 
Yfir 5,0	> 14000	Hættuástand	Alvarleg eitrunaráhrif	Yfirgefið gosstað strax! 